

## 027/01 - Laugarnes

Laugarnes, olíuskip , skipverji slasast

### Laugarnes

**Skipaskr.nr.:** 2305

**Smíðaður:** Saksköbing, Danmörku 1978 Stál

**Stærð:** 315,00 brl; 372,00 bt

**Lengd:** 44,85 m **Breidd:** 8,70 m **Dýpt:** 3,40 m

**Vél:** Alpha Diesel 405,00 kW **Árgerð:** 1978

**Annað:** Olíuskip

**Földi skipverja:**



### Atvikalýsing

Þann 13. mars 2001 var olíuskipið Laugarnes við bryggju í Reykjavík. Veður: Hægviðri og skýjað.

Verið var að þvo geymi nr. 3 með heitu vatni. Tveir skipverjar fóru til að setja minnkun á olústút á þilfari skipsins. Lok var á stútnum sem losa þurfti með því að losa tvo arma sem lokinu héldu (hraðtengi). Handafli var beitt en ekki tókst skipverjanum að losa nema annan arminn þannig og ákvað hann þá að sparka í hann til að losa hann. Um leið og losnaði um arminn losnaði lokið af með miklu afli og lenti á fæti skipverjans. Var hann fluttur á sjúkrahús þar sem hann gekkst undir aðgerð.

### Við rannsókn kom fram

- að lokið var úr áli og að sögn slasaða vildi stundum "gróa" við stútanna;
- að hinn slasaði stóð til hliðar við stútinn;
- að áður en hinn slasaði hóf að losa lokið leit hann á þrýstimæli sem að hans sögn gaf til kynna að enginn þrýstingur var á kerfinu.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til óvarlegra vinnubragða hins slasaða.